

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag – Hreinsistöð við Geitanes.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Árborgar á fundi sínum 11. maí 2022, tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð í Geitanesi, Sveitarfélaginu Árborg. Deiliskipulagið tekur til um 1,3 ha svæðis þar sem fyrirhuguð er uppbygging tveggja þrepa hreinsistöðvar fyrir skulp. Gert er ráð fyrir móttökubrunni með neyðaryfirfalli, grjótgildru, sveifluþró, dælurými, vinnslusal, starfsmannarými, töfluherbergi og útrennslisbrunni, samtals allt að 1200 m² byggingarmagn. Deiliskipulag hreinsistöðvar í Geitanesi er í samræmi við breytingu á gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030, sem öðlaðist gildi 24. júní 2022.

Selfossi, 25. júlí 2022.

F.h. bæjarstjórnar Árborgar,
Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. júlí 2022